Malbik í Flóahreppi

Flóahreppur skipuleggur nýtt íbúðarhverfi við Þingborg. Í sumar fór fram vinna við gatnagerð, lagningu lagna og annan frágang í fyrsta áfanga hverfisins. Verktaki þess verkhluta er Gröfutækni ehf. Sveitarstjórn er áhugasöm um að ljúka yfirborðsfrágangi, þar með talið malbikun gatna, frágangi kantsteina og malbikun gangstíga fyrir veturinn og áður en úthlutun lóða hefst. Þessi verðkönnun er því send til þess að kanna grundvöll fyrir því.

Yfirlit

Malbik í Flóahreppi 1
Lauslegt yfirlit yfir verkið 2
Tímasetningar 2
Upplýsingar um verkkaupa 2
Eftirlit verkkaupa 3
Gögn verksins 3
Verktrygging, greiðslur, uppgjör og ábyrgð 3
Verktrygging 3
Greiðslur og uppgjör 3
Ábyrgð verktaka 3
Tilboðsform og verksamningur 4
Kennisnið 4
Verklýsingar 5
1.1 Malbik, Y11 5
1.2 Malbik á gangstétt, Y11 6
1.3 Vélsteyptur kantsteinn, hæð 150mm 7

Lauslegt yfirlit yfir verkið

Flóahreppur óskar eftir tilboði í malbikun á götum og gangstígum í nýju íbúðarhverfi við Þingborg í Flóahreppi auk þess að malbika leikvöll við Flóaskóla. Þórarinn Úlfarsson er yfirverkstjóri gatnagerðar og frágang þeirra. Hann stýrir einnig samhæfingu á milli aðila við frágang yfirborðs gatna og malbikunar.

Um hefðbundinn frágang gatna og gangstíga er að ræða eins og gerð er grein fyrir í verklýsingu. Óskað er eftir tilboði í 5cm og 6cm þykkt malbik á götur og 4cm og 5cm þykkt malbik á gangstíga eins og tilgreint er í tilboðsskrá. Eðli málsins samkvæmt verðu önnur hvor þykktin fyrir valinu.

Í lok september og upphafi október verður unnið að frágangi við 10-15cm burðarlag gatna, þjöppunar þess og heflun. Í kjölfar þess er stefnt á malbikun. Þórarinn Úlfarsson stýrir samhæfinu og tímasetningu í samráði við yfirverkstjóra malbikunarstöðvar. Áætlað er að malbikun eigi sér stað eftir atvikum í október og/eða fyrripart nóvember.

Malbika skal aðkomuveg frá núverandi aðkomuvegi að Þingborg að hinu nýja hverfi og tengja nýtt malbik við eldra malbik á þremur stöðum eins og fram kemur á yfirlitsmynd. Malbika ber allan götur innan verkmarka. Þá ber að steypa kantsteina eins og fram kemur á yfirlitsmynd og að lokum malbika gangstíga.

Þessi gögn eru send til:
Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf
Colas Ísland ehf
Malbikstöðvarinnar ehf

Tímasetningar

✓	Gögn afhent		23.09.2026
✓	Síðasti dagur til að senda inn fyrirspurnir		26.09.2026
✓	Fyrirspurnum verður svarað eigi síðar en		28.09.2026
✓	Tilboði skal berast verkkaupa eigi síðar en	klukkan 11:00	30.09.2026
✓	Öllum framkvæmdum skal lokið eigi síðar en		15.11.2026

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er svo og hafna öllum.

Upplýsingar um verkkaupa

Verkkaupi er:

Flóahreppur
kt: 600606-1310
Þingborg
803 Selfossi
Netfang: floahreppur@floahreppur.is
Umsjónaraðili: Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri.

Eftirlit verkkaupa

Verkkaupi skipar eftirlitsaðila sem jafnframt er tengiliður verktaka við verkkaupa. Ef verktaki er í vafa með einstök atriði, efnisval eða útfærslur skal hann án tafar leita til eftirlitsaðila sem leitast við að leysa úr því sem um ræðir. Eftirlit kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem farið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum þar til bærum gögnum.

Gögn verksins

- Þessi tilboðslýsing, dagsett í september 2026
- Yfirlitsmynd af staðháttum dagsett í september 2026
- Tilboðsskrá

Verktrygging, greiðslur, uppgjör og ábyrgð

Verktrygging

Verkkaupi fer ekki fram á verktryggingu.

Greiðslur og uppgjör

Greitt verður fyrir verkið í verklok. Verktaki tilkynnir eftirlitsaðila um verklok verkefnis sem tekur þá verkið út og eftir atvikum samþykkir eða gerir athugasemdir til úrbóta. Eftir að eftirlitsaðili samþykkir verklok skilar verktaki inn útfylltri magnskrá. Eftir að eftirlitsaðili hefur yfirfarið magnskrána og samþykkt gefur verktaki út reikning. Verkkaupi áskilur sér 10 daga greiðslufrest til samþykktar á reikningi frá útgáfu hans.

Ábyrgð verktaka

Verktaki skal fylgja þeim lögum og reglum sem um þá starfsemi gildir sem fram fer. Það sem kann að gilda um framkvæmdina eru eftirfarandi, sem þó er ekki tæmandi listi:

- Skipulagslög og skipulagsreglugerðir
- Mannvirkjalög og byggingareglugerðir
- Heilbrigðisreglugerð
- Meðferð jarðstrengja, reglur og leiðbeiningar
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins
- Lög um fjarskipti og fjarskiptainniviði
- Reglur um vinnusvæðamerkingar

Verktaki skal sjálfur útvega sér þau lög, reglugerðir, leiðbeiningar og önnur viðeigandi gögn.

Tilboðsform og verksamningur

Tilboðsskrá inniheldur alla þá liði sem greitt verður fyrir. Verktaki setur einingaverð, án virðisaukaskatts, í hverja tegund og margfaldast það einingaverð með áætluðum fjölda eining og myndar heildarverð fyrir hverja verktegund. Samanlögð upphæð heildarverða allra verktegunda, að viðbættum virðisaukaskatti er tilboðsupphæð bjóðanda eins og fram kemur á tilboðsblaði.

Flóahreppur áskilur sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Tilboðum skal skila inn á netfangið gudmundur@snerra.com eigi síðar en 30. september 2026 klukkan 11:00. Í kjölfar tilboðsfrests verður þeim sem skila inn tilboði tilkynnt um niðurstöðuna án óeðlilegra tafa.

Gerður verður skriflegur verksamningur um verkið. Verkkaupi greiðir ekki þóknun fyrir gerð tilboð.

Kennisnið



Verklýsingar

1.1 Malbik, Y11

Leggja skal malbikt. Verkið skal unnið samkvæmt kafla 63.4 í Alverk 95. Nota skal Y11 eða sambærilegt. Efnisgæði malbiks skal uppfylla kröfur Alverks 95 um <3000 ÁDU. Nota skal bindiefni af gerðinni SB180.

Kröfur til kvarnargildis steinefna í malbik. **Umferð (ÁDU)**	**Kvarn argildi SL og SMA hraði <70 km/klst**	**Kvarn argildi SL og SMA hraði >70 km/klst**	**Kvarn argildi BRL og BNL ef notað sem slitlag**
< 3000	A_N 19	A_N 14	A_N 19

Þar sem malbik kemur að grasi eða lóðamörkum skal mesta frávik frá beinni línu eða boga vera 25mm. Ekki verður greitt fyrir sögun á nýju malbiki þar sem það mætir núverandi landi.

Þykkt malbiks skal vera 50mm eða 60 mm í samræmi við ákvörðun verkkaupa.

Magn : m²

Innifalið er flutningur á tækjum, allt efni, vinna, útlögn og allt það sem þarf til útlagnar malbiks.

1.2 Malbik á gangstétt, Y11

Leggja skal malbik á gangstétt skv. kennisniði. Verkið skal unnið samkvæmt kafla 63.4 í Alverk 95. Nota skal Y11 eða sambærilegt. Efnisgæði malbiks skal uppfylla kröfur Alverks 95 um <3000 ÁDU. Nota skal bindiefni af gerðinni SB180. Sjá einnig:

Kröfur til kvarnargildis steinefna í malbik. **Umferð (ÁDU)**	**Kvarn argildi SL og SMA hraði <70 km/klst**	**Kvarn argildi SL og SMA hraði >70 km/klst**	**Kvarn argildi BRL og BNL ef notað sem slitlag**
< 3000	A_N 19	A_N 14	A_N 19

Þar sem malbik kemur að grasi eða lóðamörkum skal mesta frávik frá beinni línu eða boga vera 25mm. Ekki verður greitt fyrir sögun á nýju malbiki þar sem það mætir núverandi landi.

Þykkt malbiks skal vera 50 mm.

Magn : m²

Innifalið er flutningur á tækjum, allt efni, vinna, útlögn og allt það sem þarf til útlagnar malbiks.

1.3 Vélsteyptur kantsteinn, hæð 150mm

Járnabinding kantsteins er sýnd á kennisniði.

Verkþátturinn innifelur að steypa skal 150 mm kantstein við götukanta.

Verja skal kantsteininn skemmdum þar til hann er orðinn nógu sterkur til að þola álag frá umhverfinu, þar með talið fyrir ofþornun. Kantsteinn skal tekinn niður við innkeyrslur á lóðir og við gangbrautir.

Þar sem kantsteinn kemur á grúsarsvæði við lóðamörk (þar sem ekki er gangstétt) skal setja grús bak við hann til stuðnings.

Magn : m

Innifalið er flutningur á tækjum, allt efni, vinna, útlögn, grús, vörn og allt það sem þarf til að steypa kantstein.